

**Dagskrá 91. fundar Félagsstjórnar SLFÍ,
haldinn 11. maí, 2017 kl. 10.00 í félagsaðstöðunni**

Mættir til fundar:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild
Jóhanna G Þórðardóttir, Vestfjarðadeilda
Stefanía Stefánsdóttir, Austfjarðadeild
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn
Gestur:
Helga Sveinsdóttir frá Austfjarðadeild
Fjarverandi:
Hafðís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

1. Fundur settur

2. Fundargerð síðasta fundar

3. Kjaramál

- Bókun 10
- Stofnanasamningar

4. Prókúra fyrir skrifstofustjóra SLFÍ

5. Undirbúningur fyrir Fulltrúaþing SLFÍ 12. maí

- Dagskrá þingsins
 - [Sjá dagskrá](#)
 - Staða félagsins innan BSRB
 - [Plúsar og mínusar](#)
 - Fjárhagsáætlun
 - [Sjá tillögu](#)
 - Uppstilling
 - [Sjá tillögu](#)
 - Stefna SLFÍ
 - [Sjá stefnu frá fyrra þingi](#)
 - Starfsmenn þingsins
 - Tillaga hefur borist um Kristínu Ólafsdóttur og Marín Jónsdóttur sem forseta þingsins og Jakobínu Rut Daníelsdóttur sem ritara.

- Vinnunefndir þingsins
- Skipulagning á fastanefndum þingsins
- Undirbúningur að ályktunum sem lagðar verða fyrir þingið
 - [Sjá drög](#)

Önnur mál:

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til fundar. KÁG kynnti Helgu Sveinsdóttur frá Austurlandsdeild væntanlegan formann deildarinnar sem yrði gestur á fundinum.

2. Fundagerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Kjaramál

- Bókun 10 hjá ríkinu, um stubbavaktir og álag o.fl.: KÁG fór yfir stöðuna á vinnu stýrihóps vegna bókunarinnar og hver staðan væri og næstu skref. Fram kom að búið væri að vinna greinargerð vegna stöðu mála á Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og semja og senda bréf á forstjóra þeirra stofnana þ.s. lagt er til að kynning á greinargerðinni fari fljótlega fram. Niðurstaða spurningakannana og vettvangsheimsóknar var að á HSA er ekki talið að um stubbavaktir sé að ræða, en það er mikil óánægja á Dyngju Egilstöðum vegna ákveðinna mála. Formaður Austurlandsdeildar, Stefanía Stefánsdóttir (SS) benti á að á Seyðisfirði væru stubbavaktir, en fulltrúar nefndarinnar hafi ekki komið þangað til að kanna ástandið. Ákveðið að SS sendi bréf á nefndina þ.s. gerð er athugasemd við þessi vinnubrögð og á það bent á Seyðisfirði séu stubbavaktir. Á HSS eru stubbavaktir enn við líði og eru gerðar alvarlegar athugasemdir við það í greinargerðinni. Helga Sigríður Sveinsdóttir (HSS) fór yfir hvernig sjúkraliðar á HSU hefðu lokað á stubbavaktavæðingu og nefndi einnig að nýlega hefði verið þvingað inn á þær 6 tíma vöktum sem óánægja væri með.
- KÁG fór yfir hvernig gengi með frágang stofnanasamninga, sem gilda eiga frá júní 2016. Fram kom að á flestum stofnunum hafi gengið mjög illa að semja þ.s. stjórnendur hafa dregið lappirnar og reynt á allan hátt að tefja fyrir samningum. Enn ætti eftir að ganga frá samningnum við HSN, HSU og HSS og væri það í stanslausri vinnslu. Farið var yfir námskeið sem verið hafa í gangi vegna gerðar stofnanasamninga. Fram kom að námskeiðin hafa flest verið áhugaverð og góð aðsókn hefur verið að þeim. Undir þessum lið var einnig rætt um álagsgreiðslur sem voru greiddar s.l. sumar á LSH og munu verða greiddar á komandi sumri bæði til sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga.

4. Prókúra fyrir skrifstofustjóra SLFÍ

- KÁG fór yfir að viðskiptabanki félagsins gerði kröfu um að öll stjórnin skrifaði undir prókur fyrir skrifstofustjóra SLFÍ til notkunar á bankareikningum/debetkortum félagsins og þess vænst að stjórnarmeðlimir undirrituðu slíkt plagg þegar það bærisk. Allir sammála því eftir umræður og eyðublaðið undirritað.

5. Undirbúningur fyrir 26. Fulltrúaþing SLFÍ

- KÁG fór yfir Ársskýrsluna og tæpti á helstu atriðum. Umræða var um skýrsluna og þá helstu liði sem tekið er á þar.
- KÁG fór yfir stöðu Sjúkraliðafélagsins inna BSRB. Fram kom að lögð hefur verið inn fyrirspurn til stjórnar Styrktarsjóðs BSRB um hvort SLFÍ geti áfram verið í sjóðnum þó svo félagið færi úr bandalaginu. Mikil umræða var um málið og KÁG falið að kanna hvort fleiri félög hefðu áhuga á að fá óháðan aðila/til þess hæfan til að skoða/rannsaka málið og skila niðurstöðum á komandi hausti um kosti og galla þess að vera innan eða utan bandalagsins. Einnig ákveðið að SLFÍ færi í sjálfstæða rannsókn ef hin félögin yrðu ekki með.
- JJS fór yfir ársreikninga félagsins og fjárhagsáætlun og var hvor tveggja samþykkt.
- GÖG fór yfir reikninga orlofssjóðs og fjárhagsáætlun og var það samþykkt.
- JJS gerði grein fyrir áætluðum félagsgjöldum næsta árs og var tillagan samþykkt.
- JT fór yfir tillögur Uppstillinganefndar um fulltrúa í starfsnefndir félagsins og stjórnir.
- Farið var yfir lagabreytingar frá Laganefnd SLFÍ og allir sammála þeim.
- Félagsstjórn fór yfir stefnu félagsins og uppfærði ný drög.
- Starfsmenn þingsins
 - Tillaga hefur borist um Kristínu Ólafsdóttur og Marín Jónsdóttir sem forseta þingsins og Jakobínu Rut Daníelsdóttur sem ritara og Sigurlaugu Hrafnkelsdóttur. Allir sammála því.
- Vinnunefndir þingsins ákveðnar og stjórnendur þeirra.
 - Laganefnd: Ábyrgðarmaður Guðrún Elín Björnsdóttir
 - Kjörnefnd: Ábyrgðarmaður Jóhanna Traustadóttir
 - Orlofsnefnd: Ábyrgðarmaður Úlfheiður
 - Velferðarnefnd: Ábyrgðarmaður Jóna Jóhanna Sveinsdóttir
 - Menntanefnd: Ábyrgðarmaður Jakobína Rut Daníelsdóttir
 - Kjaranefnd: Ábyrgðarmaður Kristín Ólafsdóttir
- Félagsstjórn vann drög að ályktunum sem lögð verða fyrir þingið.
- Fram kom að stefnt væri að því að þingið yrði að mestu leyti rafrænt.

Önnur mál

- GÖG gerði grein fyrir tveimur dómsmálum sem félagið hefði tapað í Hæstarétti og fyrir Félagsdómi.
 - Hæstaréttardómurinn fjallaði um ólögmati eða lögmæti uppsagnar.
 - Félagsdómurinn tók á hvort Eir væri með sjúkraliða í heimahjúkrun eður ei og hvort þeir ættu að vera á viðlíka launum og geidd eru almennt í heimahjúkrun. Niðurstaðan var að sjúkraliðarnir þar væru í heimahjúkrun, en þannig hafi það verið frá 2001 og þ.v. þarf að semja um það.

Fundi slitið kl. 16.45